

Íþróttta- og sýningarhöllin hf., kt. 481200-3340, Engjavegi 8, 104 Reykjavík sem leigusali og xxxx hf kt.0000001122, sem leigutaki, gera með sér eftirfarandi;

- leigusamning -
vegna tónleikahalds "xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx" dagsetning

Samningur þessi felur í sér náð samstarf samningsaðila og eru aðilar sammála um að grundvöllur farsællar framkvæmdar hans sé gagnkvæm virðing og heiðarleiki. Munu samningsaðilar leitast við að gæta hagsmuna hvors annars í hvívetna meðan samstarfið varir.

Auk eftirfarandi ákvæða gilda um samningssambandið almennar húsreglur leigusala eins og þær eru á hverjum tíma, nema öðruvísi sé samið.

1. gr. Hið leigða

Salur A Höllin / Salur B (frjálsíþróttasalur) -, samanber pöntun nr.01x0 x0/0x/20xx, Lita skal á pöntun sem viðauka við samning þennan.

2. gr. Leigutími

Leigutímabil samkvæmt samningi þessum er frá . 08/xx/201x kl. 2300 til dd. 12/xx/201x kl. 0600
Húsið er opið á venjulegum vinnutíma 08.00 til 24.00 daglega. Ef vinna þarf í húsinu utan þess tíma, svo sem við undirbúning eða niðurtækt, þarf að semja sérstaklega um slíkt m.a. um kostnað vegna aukavinnu starfsfólks.

3. gr. Endurgjald

Leiguverð skal vera sjá pöntun nr.01x0 sem er viðauka og fylgiskjal við leigusamning þennan sem skal greiðast fyrir þann xx/xx/20xx

4. gr. Opinber leyfi og gjöld

Leigusali sækir um eftirtalin opinber leyfi vegna tónleikahalds leigjanda Skemmtanaleyfi og vínveitingaleyfi
Leigusali sækir um umrædd leyfi í eigin nafni og greiðir gjöld vegna þeirra. Allar umsóknir eru gerðar á grundvelli þeirra upplýsinga sem leigutaki gefur um viðkomandi viðburð s.s. hvað varðar fjölda gesta. Athuga skal í því sambandi að gestir geta að hámarki verið 4200 í hinu leigða húsnæði. Áréttað skal að í þessu felst ekki loforð um að umrædd leyfi fái gefin út enda ákvörðun um slíkt í höndum þar til bærra yfirvalda.

Gjöld sem opinberir eftirlitsaðilar innheimta sérstaklega eftir á vegna umræddra tónleika skal leigutaki greiða, hér er til dæmis átt við þjónustugjald vegna sértækra hljóðmælinga á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og gjöld vegna óvæntra heimsókna lögreglu.

STEF-gjöld vegna tónleikanna skulu greidd fyrir fram af leigutaka. Er leigutaka vinsamlega bent á að hafa samband við skrifstofu STEF í sími 5616173 (www.stef.is) og ganga frá þeim málum í tíma. Áréttað skal að formleg ábyrgð vegna þessa hvílir á leigusala og STEF hefur lagalegan rétt til þess að loka húsinu ef ekki hafa verið gerðar réttar ráðstafanir gagnvart þeim.

Eftir ábendingu lögreglufirvalda er rétt að hafa opinberar reglur um útivistartíma barna í huga við ákvörðun tímasetningar tónleikahalds.

5. gr. Tryggingar

Leigutaki skal tryggja allan tækjabúnað og starfsmenn sem koma inn í húsið á hans vegum. Miðað skal við að slík trygging taki að minnsta kosti til tjóns sem þessi búnaður eða starfsmenn á vegum leigutaka kunna að valda leigusala og eða þriðja aðila á meðan á undirbúningi og framkvæmd verksins stendur.

6. gr. Öryggisgæsla

Leigutaki ábyrgist að útvega á sínum vegum viðhlítandi öryggisgæslu á kostnað leigutaka. Viðhlítandi gæsla í þessu sambandi telst vera að lámarki 1 maður á hverja 100 gesti á tónleikum en aldrei færi en 35 menn.

Einungis aðilar sem hafa leyfi lögreglufirvalda til að annast öryggisgæslu af þessu tagi mega vinna í húsinu. Þá samþykkir leigutaki að leigusali jafnt sem öryggisverðir hafi heimild til að vísa þeim gestum úr húsi sem brotið hafa húsreglur. Öryggisgæslu hlýtur stjórn Leigusala síðar leigutaka.

7. gr. Um aðrar öryggisráðstafanir

Á standandi tónleikum er skylt að hafa girðingu (barrcade) af viðurkenndir gerð (CE merkt) framan við svið, að lágmarki 30 metra langt. Ekki er gerð krafa um slíka girðingu á sitjandi tónleikum.

Ef stólar eru lagðir út fyrir tónleikagesti skal slíkt gert í samræmi við gildandi byggingareglugerð hverju sinni og að höfðu samráði við miði.is. og ISH.hf.

Reykjar eru bannaðar í húsinu, heimilt er að ógilda aðgöngumiða tónleikagesta sem brjóta það bann.

8. gr. Veitingasala

Öll leyfis skyld veitingasala fer fram á ábyrgð leigusala sem er handhafi veitingaleyfa. Leigutaki skal leggja fram áætlun um hvernig hann hyggst framkvæma veitingasölu og skal sú áætlun hafa samþykki leigusala. leigusali hefur rétt til að stöðva veitingasölu ef hann telur einhvern misbrest vera á framkvæmd hennar.

Áréttað skal að skylt er að fylgja aldurstakmörkunum sem opinberir aðilar setja hverju sinni í sambandi við vínveitingaleyfi.

Öll önnur meðferð áfengis er bönnuð í húsinu. Neysla tóbaks er bönnuð í húsinu.

9gr. Upphengingar og þyngdartakmarkanir

Leigutaki skal kynna sér þyngdartakmarkanir í húsinu áður en búnaður á hans vegum er fluttur í hús eða hengdur í loft. Leigusali veitir greiðlega upplýsingar um þetta.

Einungis er heimilt að hengja í loft hússins eftir að leigusali hefur samþykkt slíkt.

Öll meðferð lyftara eða lyftubúnaðar er hafa samþykki leigusala.

10gr. Um miðasölu

Samkvæmt samningi leigusala við Miða ehf. annast síðarnefnda fyrirtækið alla miðasölu vegna viðburða í hinu leigða. Er leigutaka því rétt og skylt að nýta sér þjónustu miða.is hafi hann hug á að selja aðgang að húsnæðinu. Leigusali hefur til tryggingar greiðslu endurgjalds **skv. 3. gr** og greiðslu STEFgjalda. tryggt sér forgang að uppgjöri leigutaka og Miða.is ehf. eins og það er nánar tilgreind í samningi milli þeirra síðar nefndu. Leigusali hefur nánar tiltekið tryggt sér rétt til greiðslu endurgjaldsins beint frá Miða.is ehf. reynist vanskil á einhverjum hlutum endurgjaldsins að hálfu leigutaka. Nánar er gerð grein fyrir þessum rétti leigusala í samningi leigutaka og Miða.is ehf.

11. gr. Skil á hinu leigða

Leigutaki lofar að skila hinu leigða í sama ástandi og það var afhent í og á réttum tíma. Undir þetta fellur meðal annars að fjarlægja allan tækjabúnað sem fluttur hefur verið í húsið eða á lóð hússins, sem og umbúðir og rusl.

Ef leigusali þarf að leggja í vinnu við að fjarlægja búnað eða rusl getur hann innheimt allan kostnað vegna þess hjá leigutaka. Sama á við ef skemmdir verða á hinu leigða á leigutímabilinu sem rekja má til starfsemi leigutaka.

Ef leigutíminn lengist án samþykkis leigusala er honum heimilt að innheimta kr. 250.000 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram umsaminn leigutíma.

13. Ábyrgðartakmörkun

Uppsetning, kynning, starfsfólk, og tækjabúnaður er í höndum og á ábyrgð leigutaka, nema sérstaklega sé samið um annað samanber pöntun [nr.0140 30/xx/201x](#),

Ef ófyrirsjáanlegar og óviðráðanlegar ytri aðstæður koma í veg fyrir að aðilar geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, falla þær niður á meðan að slíkt ástand varir.

Gert í Reykjavík þann 06/xx/201x

pr.pr ISH.HF

pr.pr DraftogPrufa hf.

Fh. Leigusala

Fh. leigutaka